

# Bláskógafréttir

24. árgangur 1. tbl. janúar 2025

Ritstjóri: Sigurrós H Jóhannsdóttir  
A.b.m: Asta Stefánsdóttir



Umhverfis- og  
tæknisvið Uppsveita

Allir velkomnir!

Opið hús hjá UTU,  
Hverabraut 6, Laugarvatni

Opið hús verður hjá UTU að Hverabraut 6 á  
Laugarvatni föstudaginn 17. janúar n.k.  
frá kl. 14:30 til kl. 16:00.

Nýtt húsnæði UTU verður til sýnis.



## Bláskógabyggð



### Opnunartími gámastöðvanna

	Heiðarbær	Lindarskógar	Vegholt
Mánudagur	Lokað	10:00 - 13:00	14:00 - 17:00
Þriðjudagur	10:00 - 12:00	Lokað	14:00 - 17:00
Miðvikudagur	Lokað	10:00 - 13:00	14:00 - 17:00
Fimmtudagur	14:00 - 16:00	10:00 - 13:00	Lokað
Föstudagur	Lokað	14:00 - 17:00	10:00 - 13:00
Laugardagur	10:00 - 12:00	13:00 - 15:00	16:00 - 18:00
Sunnudagur	Lokað	Lokað	Lokað

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir. Lokað er á gámastöðvunum eftirtalda daga: Nýársdag - Föstudaginn langa - Páskadag - Fridag verkamanna 1. maí - Hvítasunnudag - Þjóðhátíðardaginn 17. júní - Þorláksmessu - Aðfangadag jóla - Jóladað - Annan í jólum og Gamlársdag.

Athugið að opið er fyrir losun heimilissorps allan sólarhringinn á öllum þremur gámastöðvunum.

## Oddvitapistill

Á fundi sveitarstjórnar Bláskógabyggðar 11. des sl var fjárhagsáætlun fyrir árið 2025 samþykkt eftir tvær umræður í sveitarstjórn. Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að rekstrarafgangur samstæðu (A- og B-hluta) verði 148,5 millj.kr. eftir fjármagnsgjöld, afskriftir og skatta. Rekstrarafgangur fyrir fjármagnsgjöld og skatta er áætlaður 279,8 millj.kr. og veltufé frá rekstri verði 346,2 millj.kr. eða 11,8% af heildartekjum. Gert er ráð fyrir að skatttekjur aukist um 160 millj.kr. á milli árunna 2024 og 2025. Áætlað er að útgjöld til fræðslumála, sem eru sá málaflokkur sveitarfélagsins sem tekur til sín mest fjármagn verði 1.354,9 millj.kr eða 46,1% af heildartekjum og æskulýðs- og íþróttamál taki til sín 279,5 millj.kr eða 9,5% af heildartekjum. Útgjöld til félagsþjónustu standa nánast í stað og tekur málaflokkurinn nú til sín um 138 mkr. eða 4,7% af skatttekjum. Heiðlætismál taka til sín 165,1 millj.kr eða 5,6%. Skuldaviðmið samstæðunnar verður í lok árs 67,7%.

Fjárfestingar á árinu eru áætlaðar um 547 millj.kr. Gert er ráð fyrir fjármagni til gatnagerðar, má þar nefna malbikun að Björk og Bjarkarlundi á Laugarvatni, viðgerðum á Holtagötu í Laugarási við gatnamót við Skálholtsveg og að lokið verði við að koma upp gatnalýsingu í Bæjarholti að Ferjuvegi. Þá er á dagskrá að ljúka gatnagerð við nokkrar götur í Reykholti og á Laugarvatni, þ.e. ljúka við að malbika og gera gangstéttar við Borgarrima, Tungurima, Traustatún og Miðholt. Þá verður jafnframt hafinn undirbúningur að gatnagerð í Laugarási, Reykholti og á Laugarvatni. Er þar um að ræða næstu áfanga Traustatúns, Tungurima og Austurbyggð/Lindartún.

Af öðrum verkefnum í fjárfestingaáætlun má nefna að lokið verður við lóðafrágang við húsnæði fyrir embætti skipulags- og byggingarfulltrúa að Hverabraut 6 á Laugarvatni, skipt verður um þak á hluta íþróttahússins á Laugarvatni, byggt yfir tvö innskot á leikskólanum Álfaborg í Reykholti og unnið að hönnun og undirbúningi úrbóta á húsnæði Reykholtsskóla og Bláskógaskóla á Laugarvatni. Þá er gert ráð fyrir að lokið verði við hönnun og útboð endurbyggingar á sundlauginni í Reykholti og að verkframkvæmdir hefjist þar á haustmánuðum og verði lokið í september 2026. Sveitarstjórn hefur samþykkt að semja við VA-aríkitekta ehf og Verkís ehf um fullnaðarhönnun verksins.

Sem fyrr er áhersla á uppbyggingu grunninnviða og áætlað að verja talsverðu fjármagni til hitaveitu og fráveitu. Hjá Bláskógaveitu eru áætlaðar fjárfestingar fyrir 194 millj.kr. Meðal annars er áætlað að byggja dælustöð á Laugarvatni. Verkið var boðið út, en öllum tilboðum hafnað og er það nú til meðferðar hjá kæruneftnd útboðsmála. Þá er gert ráð fyrir að verja fjármunum til heitavatsöflunar, en framkvæmdir sem voru áætlaðar á þessu ári við borun eftir heitu vatni í Reykholti og á Laugarvatni hafa dregist en er nú ráðgert að þær hefjist í byrjun ársins 2025. Hjá vatnsveitu eru áætlaðar framkvæmdir fyrir 10 millj.kr. Tengigjöld vatns- og hitaveitu á móti framkvæmdakostnaði eru áætluð um 13 millj.kr. Áfram verður haldið með endurnýjun fráveitu á Laugarvatni, þar sem næsti áfangi verður frá Bláskógaskóla að Hrísholti, auk þess sem sett verður niður hreinsistöð í Laugarási. Áætlað er að framkvæmdir vegna fráveitu nemi 33 millj.kr. og tengigjöld og styrkir úr ríkissjóði komi á móti framkvæmdakostnaði sem nemur 7 millj.kr. Bláskógabyggð hefur samið við Mílu um langingu ljósleiðara í Laugarási á árinu 2025, greiða þarf tæpar fjórar milljónir til Mílu vegna samningsins og er gert ráð fyrir kostnaðinum í fjárhagsáætlun.

Sveitarstjórn hefur samþykkt að frístundastyrkur til barna og ungmenna verður kr. 55.000 vegna ársins 2025. Þá hefur sveitarstjórn samþykkt að teknaðar heimgreiðslur til foreldra barna á aldrinum 12-24 mánaða, kr. 180.000 í 10,5 mánuði á ári, kjósi foreldrar að setja börn sín ekki á leikskóla.

Breyting verður á sorphirðu í upphafi nýs árs. Nú verða tunnur við heimilin losaðar á fjögurra vikna fresti. Sem fyrr verða pappi og plast losað í sömu ferð og svo almennt sorp og lífrænt í næstu ferð. Vonast er til að þetta fyrirkomulag komi sér vel fyrir íbúa og að fyrirkomulagið leiði til einnig til betri flokkunar.

Sveitarstjórn hefur samþykkt ákveðna forgangsöröðun til þriggja ára í gatnagerð og í lagningu göngustíga í þéttbýlisstöðunum. Þörfin fyrir gatnagerð er talsverð í þéttbýlisstöðunum enda mikið útlutað af lóðum og þá er einnig gert ráð fyrir að leggja bundið slitlag/malbik á gamlar malargötur. Þá er áætlun um lagningu göngustíga og er áhersla lögð á göngustíga að skólunum og þjónustustofnunum sveitarfélagsins til að auka öryggi gangandi vegfarenda. Hægt er að sjá forgangsöröðunina á heimasíðu sveitarfélagsins.

Með kveðju,

Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar

# M! MERKILEGT! SKILTAGERÐ

- Alhliða skiltagerð
- Hönnun og ráðgjöf
- Merkingar á fasteignir
- Bílamerkingar
- Gluggamerkingar
- Merkingar á fatnað ýmiskonar
- Límmiðaprentun

**Merkilegt! · Útey 2 · Sími 791 4664**

## Bókasafn Reykholtsskóla

Bókasafnið í Reykholtsskóla  
Opíð er fyrir almenning á þriðjudögum kl. 17-19.  
Fyrir þá sem ekki komast á opnunartíma er velkomið að kíkja  
við á skólatíma.



## Athugið

Næstu Bláskógafréttir koma út í febrúar 2025. Ath. Efni í blaðið þarf að berast fyrir

1. febrúar 2025. Ef þið viljið senda efni í Bláskógafréttir sendið það á  
blaskogabyggd@blaskogabyggd.is eða hafið samband á skrifstofu Bláskógabyggðar í

síma 480-3000



Getraunanúmer UMF. Bisk. er **803**

Styðjum okkar félag þegar við tökum þátt í getraunum.



HEILBRIGÐISSTOFNUN  
SUÐURLANDS

**Heilsugæslustöðin Laugarási er opin frá kl. 8.00 – 15.00 alla virka daga.  
Tímamantanir og bókun í símaviðtal er í síma 432 2770.**

**Blóðprufur eru teknar mánudaga - fimmtudaga.**

**Athugið að bóka þarf tíma í blóðprufur og beiðni frá lækni þarf að liggja  
fyrir.**

**Lyfjaendurnýjun er á heilsuvera.is**



Kæru íbúar Bláskógabyggðar ég hef opnað Fótaaðgerðastofu í Miðfell 2a Hrunamannhrepp. Er með opið virka daga frá 8-16 eða eftir samkomulagi. Tímarpantanir í síma 8676580

Hlakka til að sjá ykkur

Kær kveðja Adda Sigga löggildur fótaaðgerðafraeðingur



**Raggi. ehf**

**Hópbílar í heimabyggð**

**Tek að mér allar tegundir hópferða.**

**Er með 52 til 69 sæta bíla.**

**Endilega hafið samband. 895 8134**

**raggi.ehf@gmail.com**

Bláskógabyggð er á Instagram



blaskogabyggd

Lukkunúmer UMF. Laugdæla er **840** hjá Íslenskri getpá

Kær kveðja frá Ungmennafélagi Laugdæla

## *Íþróttamiðstöðin í Reykholti*

*Vetraropnun - Sundlaug og líkamsrækt*

12.ágúst – 25.mái s: 4803040



**Mán og Mið kl. 14 – 20/ rækt frá kl.10**

**Þri og Fim kl. 14 – 22/ rækt frá kl.10**

**Fös kl. 13 – 17/ rækt frá kl.10**

**Lau kl. 10 – 18 |**

Verið velkomin 😊

## *The Sport Center in Reykholt*

*Winter Opening hours – Swimming pool and gym*

August 12th – May 25th tel: 4803040

**Mondays and Wednesdays 14-20**

**Tuesdays and Thursdays 14 – 22**

**Fridays 13-17**

**Saturdays 10-18**

**Gym always opens at 10!**





Hægt er að hafa samband við hjálparsíma Rauða Krossins í síma 1717 eða nota netspjallið vegna alls þess sem þér liggur á hjarta. Þar má fá sálrænan stuðning, ráðgjöf, hlustun og upplýsingar um þau úrræði sem í boði eru í íslensku samfélagi



## Viðhald & Dráttur

Almennt viðhald á öllum farartækjum og vinnuvélum.

Dekkjaþjónusta.

Olíuskipti á öllum farartækjum og vinnuvélum.

Jón Ágúst: 868-5565 Netfang: [vidhald.drattur@gmail.com](mailto:vidhald.drattur@gmail.com)

Hrosshagi - 806

Hólabúðinni Laugardalshólum erum við með nauta- og lambakjöt, saltað hrossakjöt, hrossabjúgu, ferskt grænmeti ásamt ýmsum hannyrðum til sölu. Verið hjartanlega velkomin.

Erum á facebook undir Laugardalshólar.

## HÓLABÚÐIN

Opnunartími verslunar er

Mán-miðvikudag	Lokað
fimmtudag	13-17
Föstudag	13-18
Laugardag	12-17
Sunnudag	Lokað



Það er velkomið að hringja til kl 18 í síma 8931281/8948081 ef komið er á lokunartíma.

**Íþróttahús og Sundlaug Bláskógabyggðar**  
Sports center and swimming pool of Bláskógabyggð  
Laugarvatn  
Tel: 480 3041

## Opnunartímar Opening hours

### Sundlaug - Swimming pool

Mon-Thu:

13:00 - 21:00

Friday, Saturday & Sunday:

13:00 - 18:00

### Rækt-Gym

Mon-Thu:

10:00 - 22:00


Friday:

10:00 - 18:00

Saturday & Sunday:

13:00 - 18:00

Velkomin á Laugarvatn





# Ökukennsla

B-réttindi , kerrupróf og akstursmat

María Carmen Magnúsdóttir Laugarvatni

Sími 895 1978 Tölvupóstfang [emmcemm@gmail.com](mailto:emmcemm@gmail.com)

## Garðahönnun og ráðgjöf

Vantar þig aðstoð með útfærslur í garðinum þínum? Kannski get ég komið og aðstoðað. Hef góða þekkingu á plöntum og eiginleikum þeirra. Möguleiki er að fá teiknað á staðnum. Ég er garðyrkjufræðingur og landslagsarkitekt B.Sc. að mennt og fær teiknari. Hlakka til að heyra frá ykkur og veita góð ráð.



Endilega hafið samband. **Ellisif M. Bjarnadóttir**

s:865-4393 eða netfang [ellisifmb@gmail.com](mailto:ellisifmb@gmail.com).



SUMAR 2025

## Sumarstörf hjá Landsvirkjun

Við leitum að kraftmiklu ungu fólki í fjölbreytt störf sumarið 2025.

Kynntu þér hvað er í boði og sæktu um á [landsvirkjun.is/sumarstorf2025](http://landsvirkjun.is/sumarstorf2025)

